

Nd. 207. Tillaga til þingsályktunar

um breyting á ákvæðum tilskipunar 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá samgöngumálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnu- og samgöngumálaráðherra að breyta ákvæðum í inngangi tilskip. frá 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, þannig að fyrir orðin: „Faxaflói fyrir innan línu Gróttu—Akranes“ komi: Faxaflói fyrir innan línu Gróttu—Þormóðssker.

G r e i n a r g e r ð .

Tillagan er flutt eftir beiðni stjórnar h/f Skallagríms í Borgarnesi. Nánar í framsögu. Einn nefndarmaður, Finnur Jónsson, var ekki viðstaddur á fundi, þegar ákveðið var að flytja tillöguna.